

EFTIRLITSSKÝRSLA

OLÍUBIRGÐASTÖÐ SKELJUNGS Í VESTMANNAEYJUM

| | | | |
|---------------------|--|--|--|
| Dagsetning | 24. maí 2011 | Fulltrúi UST | Gottskálf Friðgeirsson |
| Fyrirtæki | Skeljungur hf. | Starfsleyfi, gildir til | 31. janúar 2018 |
| Heimilisfang | Hólmaslóð 8, 101 Reykjavík | Tegund eftirlits | Reglubundið |
| Kennitala | 590269-1749 | Fulltrúar fyrirtækis | Aðalsteinn Árnason Bergsteinn Hjörleifsson og Eiríkur Þorsteinsson |
| Isat nr. | 51.51.0 | | |
| Starfsemi | Heildverslun með fast, fljótandi og gaskennt eldsneyti og skyldar vörur | Staðsetning starfstöðvar (hnit) | N63 26,924 V20 16,693 |

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Við eftirlit kom ekki fram frávik frá kröfum í starfsleyfi. Ein athugasemd er gerð við leigugeymi félagsins við Ísfélag Vestmannaeyja.

UMFANG EFTIRLITS

Farið var yfir rekstrarhandbók fyrir stöð Skeljungs í Vestmannaeyjum, skráningar og mælingar sem kröfur eru gerðar um. Allir ellefu geymar í stöðinni auk geymis í Vinnslustöðinni og FES-inu (Ísfélagi Vestmannaeyja) hafa verið botnþykktarmælir á síðustu tíu árum. Lagnir á milli bryggju og olíubirgðastöðvar voru þrýstiprófaðar árið 2008 og löndunar- og afgreiðslulögn í FES-inu 2011. Tvær olíuskiljur eru í stöðinni og voru þær síðast þjónustaðar í byrjun maí sl. Frárennsli frá stöðinni var mælt á árinu og mældist magn olíuleifa í frárennsli langt undir kröfum í starfsleyfi.

Ábyrgðartrygging vegna mengunarslyss allt að 1 milljón SDR liggur fyrir. Viðbragðsáætlun og áætlun um frágang vegna rekstrarstöðvunar eru til staðar. Skeljungur hefur í notkun mánaðarlegt skráningarblað sem er notað á öllum birgðastöðvum þeirra, þar sem skráð er ýmist viðhald og eftirlit í birgðastöðvunum.

Farið var í skoðun á olíubirgðastöðinni ásamt geymum við báðar fiskimjölsverksmiður bæjarins. Geymar skoðaðir svo og lekavarnir (þrær), olíuskiljur og fráveitumál. Girðingar og hlið voru í góðu lagi og stöðin snyrtileg ásýndar.

Ganga þarf úr skugga um að leigugeymir Skeljungs við FES-ið uppfylli kröfur um þykkt á botni og neðsta umfari.

Bensín er geymt í stöðinni í Vestmannaeyjum en undanþága frá gufuendurnýtingarbúnaði er í gildi fyrir bensínufur.



FRÁVIKⁱ OG ATHUGASEMDIRⁱⁱ

Frávik:

Ekkert frávik frá kröfum í starfsleyfi kom fram við eftirlit.

Athugasemd 1: Botnþykktarmæling á leigugeymi við Ísfélag Vestmannaeyja (FES-ið).

Umhverfisstofnun hefur engar upplýsingar um 800 m³ leigugeymi Skeljungs hf. við FES-ið. Í reglugerð nr. 35/1994 segir að óheimilt sé að nota olíugeyma þar sem efnisþykkt er komin niður fyrir 3 mm á einhverjum stað í botni og niður fyrir 75% af reiknaðri hönnunarþykkt samkvæmt staðli á einhverjum stað í byrðingi, fyrr en eftir viðgerð (gr.14). Jafnframt segir í reglugerðinni að „á fimm ára fresti skal þrýstiprófa olíulagnir á landi. Jafnframt skal þykktarmæla botn og neðsta umfar olíubirgðageyma eigi sjaldnar en á tíu ára fresti“ (gr. 60). Skeljungur þarf að botnþykktarmæla geyminn eða sjá til þess að hann verði botnþykktarmældur.

Reykjavík, 21/09/2011

ⁱ **Frávik:** Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

ⁱⁱ **Athugasemd:** Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.